

# Fundargerð 337. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 17. mars 2026  
**Fundartími:** 17:00-17:45  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1) Fundargerð skipulagsnefndar nr. 321, dags. 11.03.2026

### a) Hvítárbyggð; Skilgreining frístundasvæðis; Deiliskipulag – 2602002

Lögð er fram tillaga að nýju deiliskipulagi sem tekur til Hvítárbyggðar og Fálkabyggðar, L238531, í Flóahreppi. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, með síðari breytingum, þar sem svæðið er skilgreint sem frístundabyggð (F22). Í tillögunni er kveðið á um skipulag og uppbyggingu frístundabyggðar á um 36 ha svæði, þar sem gert er ráð fyrir 29 frístundalóðum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði hafnað þar sem að það samræmist ekki aðalskipulagi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlagt deiliskipulagi sem tekur til Hvítárbyggðar og Fálkabyggðar L238531 verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um birtingu aðalskipulagsbreytingar í B deild Stjórnartíðinda. Einnig þarf að uppfæra greinargerð með tilliti til brunavarna og samræma texta í 4. gr. varðandi stærð lóða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 2) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 245, dags. 04.03.2026

Lagðar fram til kynningar.

## 3) Hámarkshraði á Oddgeirshólavegi við Heiðargerði

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því við Vegagerðina að hámarkshraði á Oddgeirshólavegi nr. 304 frá Suðurlandsvegi nr. 1 verði lækkaður í 70 km/klst á um 500m kafla. Ósk um lækkingu á hámarkshraða er hugsuð til að auka öryggi vegfarenda vegna vegtenginga við veginn frá Heiðargerði vegna starfsemi á iðnaðar- og athafnasvæði. Á svæðinu er meðal annars rekið bifreiðaverkstæði, flutningaþjónusta, starfsemi Orkugerðarinnar, byggingafyrirtæki og önnur fjölbreytt starfsemi. Frekari uppbygging innan svæðisins er fyrirhuguð.

Sveitarstjóra falið að fylgja eftir ósk sveitarstjórnar um lækkingu hámarkshraða við Vegagerðina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 4) Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2026

Fyrir liggur húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir árið 2026. Samkvæmt reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018 ber sveitarfélögum að setja sér sérstakar húsnæðisáætlanir. Áætlunin er uppfærð árlega og skilað í stafrænt kerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. HMS hefur yfirfarið framlagða áætlun. Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúum Flóahrepps fjölgi nokkuð á árunum 2026-2035 og er mannfjöldaspá sett upp í lágspá, miðspá og háspá þar sem minnsta áætlaða íbúafjöldgunin á tímabilinu eru 127 íbúar og mesta áætlaða íbúafjöldgunin 409 íbúar. Farið er yfir mannfjöldaspá, íbúðaðörf, þjónustu og innviði, lóðir og skipulag og yfirlit yfir

Íbúðir í byggingu skv. HMS. Miðað við áætlaða íbúápróun þarf sveitarfélagið að huga að framboði á hagkvæmum íbúðum og félagslegum íbúðum á næstu árum til að mæta markmiðum rammisamnings milli ríkis og sveitarfélaga um íbúðauppyggingu á árunum 2026-2035. Ef horft er á þörf fyrir auknu rými á leikskóla má gera ráð fyrir að núverandi húsnæði anni þörf til næstu ára miðað við miðspá áætlunarinnar en ef horft er á háspá áætlunar þarf að gera ráð fyrir auknu rými á leikskóla í kringum árið 2030. Fyrirhuguð viðbygging við Flóaskóla á að anna vel rými í grunnskóla sveitarfélagsins til næstu ára.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða húsnæðisáætlun Flóahrepps 2026. Húsnæðisáætlun verður birt á heimasíðu Flóahrepps.

Sveitarstjórn er meðvituð um að framboð á félagslegu húsnæði eða hægkvæmum íbúðum er ekki ásættanlegt og stefnir á að bæta úr þeim málum með uppbyggingu íbúðarbyggð við Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5) Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 336, dags. 03.03.2026

b) Fræðslunefndar nr. 164, dags. 24.02.2026

Varðandi liði 2 og 10. í fundargerð þá þakkar sveitarstjórn fyrir góðar ábendingar um drög að málstefnu og verða ábendingar teknar til skoðunar áður en málstefna verður lögð fram til samþykktar í sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 6 þá er bent á að allar undirritaðar fundargerðir nefnda birtast undir fundargögnum sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að koma fundargerðum einnig undir hlekkinn „fundargerðir fræðslunefndar“ á heimasíðu Flóahrepps.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 39, dags. 04.03.2026

Sveitarstjórn tekur undir bókanir nefndarinnar varðandi mikilvægi þess að handbók vatnsveitu ásamt kerfismynd sem og samantekt vegna vöktunarkerfis liggi fyrir á fundi nefndarinnar þann 8. apríl n.k. Það sama á við um að fá upplýsingar um stöðu á kortagrunni vatnsveitu og aðgang sveitarfélagsins að gögnum sem tengjast grunninum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 133, dags. 14.01.2026

Varðandi lið 2 í fundargerð stjórnar um merkjalýsingar og lóðamál þá tekur sveitarstjórn Flóahrepps undir bókun stjórnar UTU og samþykkir framlagt fyrirkomulag vegna merkjalýsinga og lóðamála.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 5, dags. 22.10.2025

f) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 216, dags. 26.02.2026

g) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 994 dags. 03.03.2026

#### 6) Efni til kynningar

a) Ársskýrsla Ungmennafélagsins Þjótanda 2025

b) Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands 28. maí 2026

c) Áskorun frá Siglingasambandi Íslands

d) Áskorun um úrbætur á farsímasambandi í Flóahreppi

e) Stóri Plokkdagurinn 26. apríl 2026

f) Umsagnir Flóahrepps og Samtaka orkusveitarfélaga vegna máls nr. 51/2026 – Drög að frumvarpi til laga um rýmiseignir og afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati

g) Frá Heilbrigðisráðuneyti – Breyting á verklagi vegna brottfalls laga um Heyrnar- og talmeinstöð.

h) Frá Innviðaráðuneytinu – Frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga

- i) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 505. mál – sveitarstjórnarlög Sveitarstjórn Flóahrepps gagnrýnir stuttan tímafrest vegna umsagnarbeiðni um 505. mál – sveitarstjórnarlög enda lög sem varða grundvallarrétt hvers sveitarfélags. Sveitarstjóra falið að skrifa umsögn vegna málsins í samráði við sveitarstjórn.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- j) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 499. mál – varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og Vegagerðin, framkvæmdastofnun samgöngumála (markmið nýting eigna, framkvæmdaumsjón)
- k) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. apríl kl. 17:00. Sveitarstjóra falið að auglýsa að erindi fyrir fund skuli berast eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn 1. apríl

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson